



Alþingi - nefndasvið
Kirkjustræti
101 Reykjavík

Umsögn Reykjavíkurborgar um frumvarp til laga um breytingar á umferðarlögum, 589. mál

Reykjavíkurborg vísar til fyrri umsagna sinna um frumvarpið sem voru sendar í gegnum samráðsgáttina. Þó vill Reykjavíkurborg nýta tækifærið og fá að áréttu nokkur atriði sem hún telur mikilvægt að komi fram.

Stöðureitur og gjaldskyld bílastæði

Í tíð eldri umferðalaga nr. 50/1987 var að finna ákvæði sem heimilaði ráðherra að setja reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana, sbr. 78. gr. a. Á grundvelli þess ákvæðis var sett reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða sem tók gildi 1. janúar 2017. Þar segir í 2. mgr. 1. gr. að handhafa stæðiskorts sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu.

Við setningu gildandi umferðalaga nr. 77/2019 var þetta ákvæði fært inn í lögin, sbr. 2. mgr. 87. gr. laganna. Umrætt ákvæði er þó örlítið breytt frá orðalagi ákvæðis reglugerðarinnar og kveður á um heimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að leggja ökutæki án endurgjalds í gjaldskylt bifreiðastæði, þ.e. orðið „(stöðureitur)“ hefur fallið brott.

Að mati Reykjavíkurborgar er þessi breyting til þess fallin að skapa óvissu um túlkun ákvæðisins. Það hefur verið skilningur umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (bílastæðasjóðs) að stöðureitur væri bifreiðastæði á landi, oftast við götukant, sbr. einnig hugtökin stöðumælir, stöðuvörður, stöðubrot o.s.frv. Þannig hafi orðið „stöðureitur“ í sviga fyrir aftan orðið „bifreiðastæði“ gefið til kynna að einungis væri átt við þau bifreiðastæði sem einnig væru stöðureitir. Sá skilningur samræmist, að mati umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar (bílastæðasjóðs), einnig ákvæði 2. mgr. 86. gr. umferðalaga sem heimilar sveitarstjórn að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hlutaðeigandi sveitarfélags.

Bílastæðasjóður/umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur hingað til túlkað ákvæði um heimild handhafa stæðiskorta til að leggja án endurgjalds í gjaldskylt bifreiðastæði (stöðureit) á þann hátt að heimildin taki einungis til þeirra bifreiðastæða sem gjaldskyld eru á landi sveitarfélags, sbr. heimild 2. mgr. 86. gr. umferðalaga. Ákvæðið hefur þannig ekki verið talið gilda um gjaldtöku fyrir afnot bifreiðastæða í bílahúsum Reykjavíkurborgar sem rekin eru á einkaréttarlegum grunni.



Reykjavíkurborg rakti framangreind sjónarmið um túlkun á tilvitnuðu ákvæði í erindi til innviðaráðuneytisins, dags. 21. september 2022, og óskaði eftir skýringum. Í svári ráðuneytisins, dags. 13. janúar 2023, kemur eftirfarandi fram:

Í 2. mgr. 87. gr. segir að handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða sé að nánari skilyrðum uppfylltum heimilt að leggja ökutæki í gjaldskytt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Af framangreindu þykir jóst að ákvæðið gildir á bifreiðastæði sem notað er til almennrar umferðar. Með öðrum orðum, á bifreiðastæðum sem standa almenningi opin til afnota. Að því sögðu er það skilningur ráðuneytisins að með ákvæði 2. mgr. 87. gr. hafi viji löggjafans, samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins, staðið til þess að greiða götu hreyfihamlaðra og undanbyggja þá greiðsluskyldu í gjaldskyldum bifreiðastæðum sem boðin eru almenningi til afnota.

Í svarinu er ekki tekin afstaða til allra þeirra sjónarmiða sem rakin voru í erindi Reykjavíkurborgar. Eftir standa því ýmis ósvörud álitamál og mikilvægt er að eyða þeirri óvissu sem enn ríkir. Málið snertir fleiri en Reykjavíkurborg og handhafa stæðiskorta, enda er fjöldi bílastæðahúsa og annarra gjaldskyldra bifreiðastæða rekin af einkaaðilum.

Af þeim sökum telur Reykjavíkurborg nauðsynlegt að hugtökin stöðureitur og gjaldskytt bifreiðastæði verði skilgreind í lögum.

Djúp- og grenndargámar

Reykjavíkurborg fer þess á leit að gerð verði breyting á 3. mgr. 29. gr. umferðarlaga nr. 77/2019, með síðari breytingum, og eftir atvikum öðrum greinum laganna eftir því sem þurfa þykir, þess efnis að óheimilt verði að leggja ökutæki við djúp- og grenndargáma.

Fulltrúar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar hafa átt samtöl við fulltrúa lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu um mögulega útfærslu almenns stöðubanns við djúpgáma og grenndargáma. Af hálfu borgarinnar er hvorki talið æskilegt né nauðsynlegt að merkja stöðubann við sérhvern gám heldur telur borgin rétt að mæla með almennum hætti fyrir um stöðubann við slíka gáma, líkt og t.a.m. er gert við vatnshana slökkviliðs í e-lið 3. mgr. 29. gr. umferðarlaga. Í 84. gr. umferðarlaga er að finna heimild fyrir veghaldara til að taka ákvörðun um stöðubann sem ekki er bundið við ákveðinn vegarkafla og án þess að umferðarmerki gefi stöðubannið til kynna. Þar segir að slíka ákvörðun skuli birta á vefsetri Vegagerðarinnar eða með öðrum tryggum hætti. Í d. lið 1. mgr. 109. gr. laganna segir að leggja megi gjald á vegna brota á banni við stöðvun eða lagningu ökutækis sem sett er skv. 84. gr., enda þótt bannið sé ekki gefið til kynna með umferðarmerki. Reykjavíkurborg hefur að jafnaði birt ákvarðanir sínar um sérákvæði fyrir umferð í B-deild Stjórnartíðinda og eftir atvikum á heimasíðu borgarinnar eða með tilkynningum til fjölmiðla. Að mati borgarinnar myndi slík birting fullnægja sérstökum áskilnaði 84. gr. umferðarlaga um annan trygghan hátt á birtingu ákvörðunar um stöðubann sem ekki er bundið við ákveðinn vegarkafla.

Í tengslum við fyrirhugaða töku ákvörðunar borgarinnar um slíkt stöðubann, fór fram lögbundið samráð við lögregluna á höfuðborgarsvæðinu sem benti réttilega á að hugtakið „djúpgámur“ er hvorki til í íslenskri orðabók né settum lögum frá Alþingi. Því færi illa á því að gera það refsivert að leggja við djúpgáma með ákvörðun Reykjavíkurborgar sem veghaldara um sérákvæði fyrir umferð. Af hálfu lögreglunnar var þó tekið fram að ef hægt væri að finna



hugtakinu einhverja lagastoð, sæi lögreglan ekkert því til fyrirstöðu að Reykjavíkurborg myndi mæla fyrir um stöðubannið í samræmi við framangreint.

Í samræmi við ábendingar lögreglunnar, telur Reykjavíkurborg betra með tilliti til krafna um skýrleika refsheimilda og samræmdar umferðarreglur á landsvísu, að mælt sé fyrir um almennt stöðubann við djúp- og grenndargáma í umferðarlögum. Veghöldurum væri síðan í sjálfsvald sett að kveða á um nánari útfærslur á hverjum stað með sérákvæðum á grundvelli 84. gr. umferðarlaga.

Leggur Reykjavíkurborg því til að á eftir e-lið 3. mgr. 29. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi:

þannig að það hindri tæmingu eða aðgengi að djúp- eða grenndargámi

Samhliða þeirri breytingu myndu koma nýjar skilgreiningar í 3. gr. laganna sem eru svohljóðandi:

Djúpgámar: Neðarjarðar sorpgeymsla þar sem sá hluti gámsins sem úrgangur safnast fyrir í er neðarjarðar en á yfirborði er lúga sem notendur nota til að losa sig við úrgang.

Grenndargámur: Gámur, getur verið djúpgámur, fyrir flokkaðan úrgang sem ætlaður er til notkunar fyrir almenning.

Reykjavíkurborg þakkar fyrir tækifærið til að veita umsögn um frumvarpið og tekur fram að fulltrúar borgarinnar eru ávallt tilbúnir að mæta fyrir nefndina og veita frekari upplýsingar.

Virðingarfyllst,
Guðbjörg Lilja Erlendsdóttir
samgöngusjóri

Hjálagt:

Bréf Reykjavíkurborgar til innviðaráðuneytisins, dags. 21. september 2022

Bréf innviðaráðuneytisins til Reykjavíkurborgar, dags. 13. janúar 2023



Innviðaráðuneytið
Sölvhólgata 7
101 Reykjavík

Reykjavík, dags. 21. september 2022

Vísað er til fundar Reykjavíkurborgar og innviðaráðuneytisins þann 29. ágúst sl. Fundurinn var haldinn að ósk Reykjavíkurborgar í tilefni af fyrirhuguðu frumvarpi til breytinga á umferðarlögum nr. 77/2019 (umfl.).

Á fundinum var m.a. rætt um mögulega skilgreiningu hugtaksins „stöðureitur“ og gildissvið umferðarlaga hvað bílastæðahús varðar, sér í lagi ákvæði 2. mgr. 87. gr. umfl. sem kveður á um heimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að leggja ökutæki án endurgjalds í gjaldskyld bifreiðastæði.

Í tíð eldri umferðarlaga nr. 50/1987 var að finna í lögnum ákvæði sem heimilaði ráðherra að setja reglur um undanþágu fyrir hreyfihamlaða frá reglum um stöðvun og lagningu ökutækja, þar á meðal reglum um notkun stöðureita og gjald fyrir hana, sbr. 78. gr. a. laganna. Á grundvelli þess ákvæðis var sett reglugerð nr. 1130/2016 um útgáfu og notkun stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða sem tók gildi 1. janúar 2017. Þar segir í 2. mgr. 1. gr. að handhafa stæðiskorts sé heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu. Við setningu gildandi umferðarlaga nr. 77/2019 var þetta ákvæði fært inn í lögin, sbr. 2. mgr. 87. gr. laganna. Umrætt ákvæði laganna er þó örlítið breytt frá orðalagi ákvæðis reglugerðarinnar og kveður á um heimild handhafa stæðiskorta fyrir hreyfihamlaða til að leggja ökutæki án endurgjalds í gjaldskyld bifreiðastæði, þ.e. orðið „(stöðureitur)“ hefur fallið brott.¹

Að mati Reykjavíkurborgar er þessi orðalagsbreyting til þess fallin að skapa óvissu um túlkun ákvæðisins. Það hefur ætíð verið skilningur borgarinnar að stöðureitur væri bifreiðastæði á landi, oftast við götukant, sbr. einnig hugtökin stöðumælir, stöðuvörður o.s.frv. Það að hafa orðið „stöðureitur“ í sviga fyrir aftan orðið „bifreiðastæði“ gæfi til kynna að einungis væri átt við þau bifreiðastæði sem einnig væru stöðureitir. Sá skilningur samræmist, að mati Reykjavíkurborgar, einnig ákvæði 2. mgr. 86. gr. umfl. sem heimilar sveitarstjórn að setja reglur um notkun stöðureita og gjaldtöku fyrir hana á landi í umráðum hlutaðeigandi sveitarfélags. Þannig hefur Reykjavíkurborg hingað til túlkað ákvæðið um heimild handhafa stæðiskorta til að leggja án endurgjalds í gjaldskyld bifreiðastæði (stöðureit) á þann hátt að það taki einungis til þeirra bifreiðastæða sem gjaldskyld eru á landi sveitarfélags, sbr. heimild í 2. mgr. 86. gr.

¹ Rétt er að taka fram að reglugerð 1130/2016 er enn í gildi. Hún var síðast uppfærð 2021 en ákvæði 2. mgr. 1. gr. er óbreytt frá því sem áður var og hljómar svo: *Handhafa stæðiskorts er heimilt að leggja ökutæki í gjaldskyld bifreiðastæði (stöðureit) án greiðslu.*



umfl. Ákvæðið hefur þannig ekki verið látið gilda um gjaldskyld bifreiðastæði í bílastæðahúsum Reykjavíkurborgar sem rekin eru á einkaréttarlegum grunni. Þó vissulega sé innheimt gjald fyrir að leggja ökutæki í þeim er sú gjaldtaka ekki reist á heimild sveitarfélags samkvæmt 2. mgr. 86. gr. umferðarlaga, heldur er gjaldið lagt á óháð heimildum umferðarlaga og byggir á rétti eiganda fasteignar til að ráðstafa afnotum af henni eða hluta hennar til annarra gegn gjaldi. Jafnvel þótt telja verði unnt að líta svo á, að þrátt fyrir orðalagsbreytingu megi leiða að sömu niðurstöðu um túlkun núverandi ákvæðis og ákvæðis eldri laga og reglugerðar, þá verður engu að síður að telja brýnt að fá úr því skorið hvort ætlunin var sú að taka út orðið „stöðureitur“ innan sviga og hver hafi þá verið tilgangur þeirrar orðalagsbreytingar.

Með hliðsjón af framangreindu telur Reykjavíkurborg mikilvægt að fá úr því skorið hvort ætlun löggjafans hafi verið sú að breyta efnislegu inntaki framangreinds ákvæðis með því að láta orðið „stöðureitur“ í sviga falla niður á eftir orðinu „bifreiðastæði“ í 2. mgr. 87. gr. umfl. Hér er rétt að geta þess að hvorki í greinargerð með frumvarpi því sem varð að lögum nr. 77/2019 né í opinberri samantekt á helstu nýmælum laganna² er gefið til kynna að með lögfestingu ákvæðis 2. mgr. 87. gr. laganna hafi verið ætlunin að gera breytingu á efni umrædds ákvæðis eins og það birtist í 2. mgr. 1. gr. reglugerðar nr. 1130/2016.

Í ljósi þess sem hér hefur verið rakið er þess vinsamlega farið á leit við innviðaráðuneytið að það skýri hvert sé efnisinntak framangreinds ákvæðis 2. mgr. 87. gr. umfl. Málið snertir fleiri en Reykjavíkurborg og handhafa stæðiskorta, enda er fjöldi bílastæðahúsa og annarra gjaldskyldra bifreiðastæða rekin af einkaaðilum.

Þess er einnig vinsamlega óskað að innviðaráðuneytið svari erindi Reykjavíkurborgar eins fljótt og verða má, þar sem niðurstaðan mun hafa áhrif á afstöðu og umsögn Reykjavíkurborgar til frumvarps um breytingar á umferðarlögum sem fyrirhugað er að leggja fram á haustmánuðum.

Virðingarfyllst,

f.h. umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar,

Glóey Helgudóttir Finnsdóttir,

skrifstofustjóri stjórnsýslu og gæða

² <https://www.samgongustofa.is/umferd/fraedsla/ny-umferdarlog/>



Stjórnarráð Íslands
Innviðaráðuneytið


stjornarradid.is

Reykjavíkurborg
B.t. Glóeyjar Helgudóttur Finnsdóttur
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Reykjavík 13. janúar 2023
Tilv.: IRN22040059/3.1

Vísað er til erindis Reykjavíkurborgar, dags. 21. september 2022. Um gildissvið umferðarlaga nr. 77/2019 fer eftir 2. gr. þeirra. Samkvæmt því sem þar segir gilda ákvæði laganna meðal annars um umferð á vegum, nema annað sé ákveðið, og eftir því sem við á um umferð utan vega. Merking orðsins vegur er skilgreind í 40. tölul. 1. mgr. 3. gr. og er, vegur, gata, götuslóði, stígur, húsasund, brú, torg, bifreiðastæði eða þess háttar, sem notað er til almennrar umferðar. Almenn umferð er þá samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 3. gr. öll meðferð ökutækja og önnur umferð samkvæmt lögnum á vegum sem eru opnir almenningi.

Í 2. mgr. 87. gr. segir að handhafa stæðiskorts fyrir hreyfihamlaða sé að nánari skilyrðum uppfylltum heimilt að leggja ökutæki í gjaldskylt bifreiðastæði án sérstakrar greiðslu. Af framangreindu þykir ljóst að ákvæðið gildir á bifreiðastæði sem notað er til almennrar umferðar. Með öðrum orðum, á bifreiðastæðum sem standa almenningi opin til afnota. Að því sögðu er það skilningur ráðuneytisins að með ákvæði 2. mgr. 87. gr. hafi vilji löggjafans, samkvæmt skýru orðalagi ákvæðisins, staðið til þess að greiða götu hreyfihamlaðra og undanþyggja þá greiðsluskyldu í gjaldskyldum bifreiðastæðum sem boðin eru almenningi til afnota.



Ólafur Kr. Hjörleifsson

Fyrir hönd ráðherra



Gauti Daðason
Gauti Daðason